

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 27. september 2021
UST202109-095/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Náma við Urriðafoss – Flóahreppur. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita dags. 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Um er að ræða framhald efnistöku í gamallri námu nærri Urriðafossi. Fyrirhugað er að taka allt að 50 m³ úr námunni sem er unnin í berg og verður efni malað á athafnasvæði á námubotninum. Efni sem unnið verður gæti að einhverju leyti verið haugsett í námunni til síðari nota.

Námur sem Vegerðin nota til framleiðslu á steinefnum í burðarlög og klæðningar geta staðið opnar um árabil og ætti því að huga vel að ásýnd námunnar þótt vinnsla liggi niðri. Umhverfisstofnu telur að leggja eigi áherslu á að ganga frá eldri hluta námunnar í stað þessa að geyma ofanafþýtingu í hryggjum við jaðar námunnar jafnvel til lengri tíma en slíkir hryggir vekja stundum fremur athygli á námunni í stað þess að draga úr sjónrænum áhrifum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og bendir á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að afla frekari upplýsinga um efnistöku og frágang.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur